



Spáum 4,5% verðbólgu í október

Hagstofan birtir septembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) miðvikudaginn 27. október. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,6% hækkun vísitölunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar verðbólgan úr 4,4% í 4,5%. Verðbólga án húsnæðis hefur gengið nokkuð hratt niður að undanfögnu og mældist hún 3,3% í september en hún sló hæst í 4,7% í janúar. Við spáum því að verðbólga án húsnæðiskostnaðar verði 3,4% í október.

Við teljum að helstu áhrifaþættir á verðbólguþróunina í september verði reiknuð húsaleiga, bensín og húsgögn og heimilisbúnaður. Allir þessi liðir munu veða til hækunar á verðlagi.

Spá okkar til næstu þriggja mánaða er að VNV hækki um 0,4% í nóvember, 0,3% í desember en að hún lækki um 0,3% í janúar. Gangi spáin eftir mun verðbólgan verða 4,8% í janúar. Við teljum að verðbólga án húsnæðis verði 3,2% í janúar.

Verðbólgan 4,4% í september


VNV hækkaði um 0,47% milli mánaða í september og mældist 4,4% verðbólga samanburði við 4,3% í ágúst. Áhrif reiknaðrar húsaleigu voru umtalsvert meiri en við reiknuðum með en á móti lækkuðu flugfargjöld meira en við spáðum. Við teljum að draga muni úr verðhækkunum á íbúðamarkaði á næstu mánuðum sem mun styðja við hjöðnun verðbólgunnar.

Eigum von á að það dragi út hækkunartakti húsnæðisverðs

Í september hækkaði húsnæðisverð í vísitölunni um 1,75% milli mánaða. Reiknuð húsaleiga hækkaði um tæplega 1,72%, en áhrif vaxtabreytinga voru tæplega 0,03%. Þetta var mun meiri hækkun reiknaðrar húsaleigu en við áttum von á. Við spáðum því að hún myndi hækka um 0,8%. Við eigum von á að það dragi úr hækkunartakti húsnæðisverðs og að áhrif vaxtabreytinga til lækkunar á reiknaða húsaleigu hverfi alveg næstu mánuði. Áhrif lækkandi íbúðarlánavaxta á undanfögnu misserum hafa dregið úr verðbólgu í gegnum reiknaða húsaleigu. Hækkun vaxta á íbúðalánum munu því að sama skapi hafa áhrif til aukinnar verðbólgu.

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14,4%	0,6%	0,08%
Áfengi og tóbak	2,6%	0,0%	0,00%
Föt og skór	3,8%	0,1%	0,00%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,7%	0,2%	0,04%
Reiknuð húsaleiga	17,0%	0,9%	0,15%
Húsgögn og heimilisb.	6,5%	1,3%	0,09%
Heilsa	3,6%	0,7%	0,02%
Ferðir og flutningar (annað)	3,8%	0,0%	0,00%
Kaup okutækja	5,4%	0,9%	0,05%
Bensín og diselólía	3,1%	3,5%	0,11%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	-1,0%	-0,01%
Póstur og sími	1,7%	-0,8%	-0,01%
Tómst. og menning	9,6%	0,2%	0,02%
Menntun	0,6%	-0,1%	0,00%
Hótel og veitingast.	4,7%	-0,2%	-0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	7,1%	0,4%	0,03%
Alls	100,0%		0,55%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond




Í byrjun árs var verðbólga án húsnæðis 0,4 prósentustigum hærra en verðbólga. Síðan hefur verðbólga án húsnæðis hjaðnað hraðar en verðbólgan og var í september einu prósentustigi lægri. Við eigum von á að verðbólga án húsnæðis hækki aðeins áður en hún lækkar á ný. Þannig spáum við því að verðbólga án húsnæðis fari upp í 3,8% í desember. Töluverð óvissa er um þróun verðbólgunnar næstu misseri en litið lengra fram í tímann gerum við ráð fyrir að verðbólga bæði með og án húsnæðis nái hámarki í desember en síðan muni draga nokkuð hratt úr verðbólgu á báða þessa mælikvarða.

Olíuverðið ýtir á frekari hækkun á bensíni


Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað nær stöðugt frá því það náði lágmarki á síðasta ári í 27,4 bandaríkjadollurum í apríl. Meðalverðið það sem af er október er 81,9 dollarar og hefur það ekki verið hærra eftir faraldur. Við spáum því að verð á bensíni og dísilolíu hækki um 3,5% í október og 2,4% í nóvember. Gangi sú spá eftir mun 12 mánaða hækkun á dælueldsneyti verða tæp 24% í nóvember. Á þessu tímabili mun heimsmarkaðsverð olíu hafa hækkað um 86%. Minni hækkun á dælueldsneyti skýrist af því að hluti af gjaldi þess er föst krónutala og skattar.

Verðbólguþspá með og án húsnæðis fram til áramóta



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Samanburður við eldri spár



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.